

Sumarhúsatrygging tekur til helstu tjóna sem verða á váttryggðu sumarhúsi og innbúi þess. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	BRUNATRYGGING	1
2. KAFLI	INNBRÖTSTRYGGING	1
3. KAFLI	BROT- OG HRUNSTRYGGING	1
4. KAFLI	VATNSTJÓNSTRYGGING	2
5. KAFLI	SKÝFALLS- OG ASAHLÁKUTRYGGING	2
6. KAFLI	SNJÓÞUNGATRYGGING	3
7. KAFLI	FOK- OG ÓVEÐURSTRYGGING	3
8. KAFLI	FROSTSPRUNGUTRYGGING	3
9. KAFLI	GLERTRYGGING	3
10. KAFLI	ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGENDA	3
11. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	4

Váttryggðir eru:

- Váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn þeirra, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.
- Börn váttryggingartaka, maka hans eða sambýlismaka sem eru yngri en 18 ára og eiga lögheimili hér á landi, annars staðar en hjá þeim, enda falli þau ekki undir heimilis- eða fjölskyldutryggingu á lögheimili sínu.
- Maki váttryggingartaka sem á lögheimili hér á landi annars staðar en váttryggingartaki. Það á þó ekki við ef maki og váttryggingartaki hafa skilið að borði og sæng.

1. KAFLI BRUNATRYGGING

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á váttryggðu innbúi sumarhúss sem orsakast af bruna, eldsvoða, eldingu, sprengingu, skyndilegu sótfalli frá kynditækjum eða eldstæðum svo og vegna tjóns sem hlýst af slökkvi- og björgunaraðgerðum. Einnig bætist nauðsynlegur flutningur í sambandi við bótaskyld tjón svo og ef munir glatast við ofangreint.

Váttryggingin greiðir jafnframt bætur vegna skemmda á váttryggðu sumarhúsi sökum skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum, enda fáist tjónið ekki bætt úr lögboðinni brunatryggingu sumarhússins.

2. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Vegna sviðunar eða bráðunar sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, kynditækjum, eldstæðum eða þess háttar, né tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- Á rafmagnstækjum vegna rafmagnsfyrirbæra svo sem skammhlaups.

2. KAFLI INNBROTSTRYGGING

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á váttryggðu sumarhúsi og innbúi þess af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots, ráns eða líkamsárásar. Það telst innbrot þegar farið er í heimildarleysi inn í sumarhús eða læst herbergi með því að brjóta upp læsingu, með stolnum lykli eða með öðrum afbrigðilegum ráðum. Það telst einnig innbrot þegar farið er inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu. Það er forsenda bótaskyldu á innbúi að á vettvangi séu ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

4. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum hinna váttryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.
- Vegna afnotamissis eða annars óbeins tjóns.
- Vegna þjófnaðar á innbúsmunum sem geymdir eru utandyra eða í tjöldum og ferðavögnum.
- Á póstkössum.

3. KAFLI BROT- OG HRUNSTRYGGING

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna skemmda á innbúi í sumarhúsi af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega og óvænt niður og brotna. Með munum úr innbúi er átt við hluti sem festir eru við vegg eða loft, svo sem veggskápa, hillur, málverk, myndir, loft og veggljós, svo og muni sem voru í eða á þeim munum sem hrundu.

Vátryggingin greiðir jafnframt bætur vegna tjóns á vátryggðu sumarhúsi af eftirfarandi tjónsorsökum:

- Brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hins vátryggða sumarhúss s.s. vöskum, baðkörum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts utanaðkomandi atburðar.
- Brot á helluborði, þó eingöngu vegna skyndilegs, óvænts utanaðkomandi atburðar eftir að því hafi verið endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað.
- Brot á steinborðplötu, eingöngu ef hún brotnar vegna skyndilegs, óvænts utanaðkomandi atburðar eftir að borðplatan er að fullu frágengin og komin á sinn stað.

6. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- a. Rispur eða aðrar skemmdir sem ekki teljast brot.
- b. Skemmdir sem verða ef kvarnast eða flísast úr borðplötu.
- c. Skemmdir sem ábyrgð seljanda eða uppsetningaraðila nær til.
- d. Aðrar borðplötur en þá sem brotnar þó þær séu hluti af sömu innréttingu.
- e. Fylgihluti sem unnt er að nota aftur.
- f. Kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu hreinlætistækja.
- g. Tjón sem verða á munum á eða í skápum eða hillum ef þeir falla einir sér niður nema um sé að ræða sjónvarps- eða hljómflytningstæki.
- h. Skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til.
- i. Skemmdir sem verða utan sumarhússins.
- j. Skemmdir af völdum vökva sem hellist niður.

7. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur vegna tjóns á hreinlætistækjum, helluborðum og steinborðplötum miðast við verðmæti þess munar sem brotnaði. Séu sams konar munir ófánlegir bætir vátryggingin tjónið með fjárhæð sem nægt hefði til kaupa á sambærilegum mun þegar tjónið varð. Bætur greiðast ekki vegna kostnaðar við að fjarlægja skemmdan mun og setja annan í staðinn.

4. KAFLI VATNSTJÓNSTRYGGING

8. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðu sumarhúsi og innbúi þess af völdum skyndilegs, óvænts og ófyrirséðum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess, sem á upptök sín innan veggja þess. Vátryggingin bætir einnig tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka úr frystikistum, kælliskápum, vatnsrúmum og fiskabúrum.

9. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- a. Skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- b. Tjón sem rekja má til missigs frárennislagna.
- c. Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo og grunnvatns, úrkomu, flóða, snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- d. Tjón vegna vatns eða annars vökva frá niðurföllum eða þakrennum.
- e. Tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

10. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á vátryggðu sumarhúsi eða innbúi þess. Bætur greiðast fyrir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að sumarhúsið verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Ekki er þó bættur sá hlutur eða hluti er tjóninu olli svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

5. KAFLI SKÝFALLS- OG ASAHLÁKUTRYGGING

11. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðu sumarhúsi og innbúi þess ef jarðvegsvatn flæðir inn í það, enda hafi tjónið orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verður skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiða það ekki frá.

12. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Náttúruhamfaratryggingu Íslands er skylt að bæta.

6. KAFLI SNJÓÞUNGATRYGGING

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðu sumarhúsi og innbúi þess sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg sumarhússins.

14. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla eða ófullnægjandi viðhaldi. Einnig eru undanskilin öll tjón sem eingöngu varða þakrennur og þakkanta.

7. KAFLI FOK- OG ÓVEÐURSTRYGGING

15. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðu sumarhúsi og innbúi þess af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg þess eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

16. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Á lausafjármunum utanhúss.
- Sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs.
- Af völdum úrkomu nema það sé bein afleiðing af skyndilegu tjóni á sumarhúsinu.
- Af völdum sandfoks.

8. KAFLI FROSTSPRUNGUTRYGGING

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna sem verða við það að hitakerfi hússins bílar skyndilega. Tjón af völdum vatns er bætt úr Vatnstjónstryggingunni.

18. gr. Undanþágur

Undanskilin eru tjón á snjóbræðslukerfum.

9. KAFLI GLERTRYGGING

19. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á venjulegu rúðugleri í vátryggðu sumarhúsi ef það brotnar eftir að það er ísett og endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað.

20. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón á innbúsmunum.
- Tjón á gleri í heimilistækjum, skrautgleri, glerlistaverkum eða gleri sem er utan veggja sumarhússins.
- Tjón ef flísast úr gleri eða það rispast án þess að brotna.
- Tjón af völdum þenslu, vindings eða ófullnægjandi viðhalds ramma eða lista.
- Tjón af völdum eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging eða náttúruhamfaratrygging tekur til.
- Tjón sem stafa af byggingarframkvæmdum, breytingum eða viðgerð innan 10 metra frá glerinu, nema málun og venjulegu viðhaldi húss.
- Skemmdir sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. loftloka eða vinnu við slíkan búnað.
- Tjón á gleri af völdum móðu milli glerja.

21. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði í þéttbýli.

10. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGENDA

22. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin tekur til skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan sem eiganda hins vátryggða sumarhúss eða eignarhluta vátryggðs í því, eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum þess og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans.

Vátryggingin tekur til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns sem hlýst af minniháttar viðhaldi húss. Verði kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss yfir 5% af brunabótamatsverði þess, skal vátryggður tilkynna félaginu, óski hann eftir að áhætta vegna framkvæmdanna verði innifalin í vátryggingunni. Sé um að ræða vátryggingu vegna eignarhluta í húsi skal miða við matsverð eignarhlutans. Vátryggður skal greiða viðbótariðgjald fyrir framangreinda áhættu.

23. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem vátryggðir valda hverjum öðrum. Sama gildir um tjón sem sameigendur eignarhluta með sama fastanúmer í sumarhúsi valda hver öðrum.
- Á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans, þar á meðal munum sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.
- Sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál.
- Sem fellur á vátryggðan sem eiganda annarrar húseignar eða húseignarhluta en þeirra sem getið er á vátryggingarskírteininu.
- Sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Vátryggingin bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- Sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.
- Endurkröfur frá Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.

Undanþágur sem vátryggja má sérstaklega:

- Vátryggingin bætir ekki tjón sem verða vegna byggingarframkvæmda, t.d. vinnu við stækkun, endurbætur, breytingu eða skreytingu sumarhúss sem vátryggður á.
- Vátryggingin bætir ekki tjón sem hlýst af meiri háttar vinnu við viðhald sumarhúss, nema vátryggður hafi áður en framkvæmdir hefjast samið við félagið um viðbótartryggingu á þeirri áhættu.
- Vátryggingin bætir ekki eignatjón sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.

24. gr. Tímatakmörk

Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hefur sér stað á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er vátryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum. Leiki vafi á því hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni ber að telja að það hafi orðið er athöfn hafði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

11. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**25. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Vátryggingin gildir á þeim stað sem skráður er á vátryggingarskírteini.

26. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur aðeins til þeirra hluta sumarhússins sem innifaldir eru í brunabótamati þess. Undanskilin eru þó tjón á girðingum og loftnetum.

Vátryggingin nær til almenns innbús í sumarhúsi sem er í eigu hinna vátryggðu. Með almennu innbúi er átt við lausafjarmuni sem fylgja dvöl í sumarhúsi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Vátryggingin nær ekki til húsdýra, tölva, myndavéla, myndbandsupptökuvéla, vélknúinna farartækja og hluta er fylgja þeim, svo sem útvarpa og farsíma, hjólhýsa eða atvinnutækja.

27. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að halda hinu vátryggða eðlilega við. Ef vanræksla á þessu leiðir til tjóns getur það valdið takmörkun bóta eða niðurfellingu þeirra.

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu vegna vatnstjóns sem verður á tímabilinu 1. október til 30. apríl að þegar ekki er dvalið í sumarhúsinu þá sé lokað fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna (heitt og kalt neysluvatn) og þær ásamt viðtengdum tækjum séu tæmdar. Varúðarreгла þessi gildir einungis um tjón á sumarhúsinu ef hennar er getið í vátryggingarskírteini.

Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að vátryggður hreinsi frá niðurföllum við hið vátryggða sumarhús svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.

Dyr, gluggar og op inn á váttryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykklar geyndir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í óupphituðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

28. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Tjón á innbúi

Bætur miðast, að svo miklu leyti sem unnt er við það að fjárhagsstaða váttryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið. Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til að styðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

	Ár án aldursfrádráttar	Frádráttur á ári (reiknast frá fyrsta ári)
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Rafmagnstæki	1 ár	20%
Reiðhjól	1 ár	20%
Almennur viðlegubúnaður	1 ár	20%

Frádráttur þessi getur þó hæst orðið 70%.

Bætur vegna tjóns á hvers kyns miðlum til afritunar takmarkast við verð á óáteknum miðlum. Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á skemmdum munum eða öflun samsvarandi eða að verulegu leyti samsvarandi munum.

Sérstök uppgjörsgregla

Við greiðslu tjóns á parketi sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.